



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Leiðbeinandi tilmæli

nr. 5/2011

Leiðbeinandi tilmæli um stöðu og verksvið regluvörslu fjármálafyrirtækja

Gefin út samkvæmt 2. mgr. 8 gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

Reykjavík, 12. desember 2011

Efnisyfirlit

1.	Almennt	2
2.	Staða regluvörslu fjármálafyrirtækis	4
	2.1 Sjálfstæði regluvörslu	4
	2.2 Regluvörður og starfsmenn regluvörslu	4
	2.2.1. Ráðning og brotthvarf regluvarðar.	4
	2.2.2. Útgáfa erindisbréfs	5
	2.2.3. Sérfræðipekking í regluvörslu	5
	2.2.4. Starfsöryggi og þóknun starfsmanna regluvörslu	6
	2.3 Aðgangur regluvörslu að upplýsingum	6
	2.4 Vald og úrræði regluvörslu	7
	2.5 Skýrslur regluvörslu til yfirstjórnar	8
	2.6. Útvistun regluvörslu	9
3.	Verksvið regluvörslu fjármálafyrirtækis	10
	3.1 Eftirlit regluvörslu	11
	3.1.1 Stefnur og ferlar fjármálafyrirtækis v/verðbréfavíðskipta	11
	3.1.2 Flokkun viðskiptavina og mat á hæfi viðskiptavinar og tilhlýðileika fjármálaþjónustu	12
	3.1.3 Upplýsingar til viðskiptavina	14
	3.1.4 Framkvæmd fyrirmæla og besta framkvæmd viðskipta	14
	3.1.5 Hagsmunaárekstrar	15
	3.1.6 Eigin viðskipti starfsmanna fjármálafyrirtækis	16
	3.1.7 Afurðir	17
	3.1.8 Meðferð kvartana	17
	3.1.9 Opinber fjárfestingarráðgjöf	18
	3.2 Fræðsla, ráðgjöf og aðstoð regluvörslu	18
	3.3 Markaðssvik	18
	3.4 Viðbótar starfsskyldur regluvörslu	19

1. Almennt

1. Fjármálaeftirlitið gefur nú út leiðbeinandi tilmæli um stöðu og verksvið regluvörslu fjármálafyrirtækja á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
2. Við gerð tilmælanna var stuðst við þær meginreglur og markmið sem sett hafa verið fram m.a. af International Organization of Securities Commissions (IOSCO)¹ og Basel Committee on Banking Supervision². Einnig var skoðuð framkvæmd annarra ríkja og reynsla þeirra.
3. Fjármálafyrirtæki skulu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptavina, hluthafa, stofnfjáreiganda og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Til að framangreindu markmiði verði náð er nauðsynlegt að fjármálafyrirtæki uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum og reglum og starfi í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Stjórnendur fjármálafyrirtækja eiga að stuðla að því að starfsmenn geti tekist á við störf sín af heilindum, heiðarleika og fagmennsku. Mikilvægt er að stjórnendur sýni gott fordæmi í þeim efnum og sjái til þess að slík viðskiptamenning sé ríkjandi innan fjármálafyrirtækja.
4. Það er hagur fjármáلامarkaðarins, fjármálafyrirtækja, hluthafa, stjórnarmanna og starfsmanna þeirra sem og allra fjárfesta að starfsemi regluvörslu sé skilvirk, enda stuðlar það að því að fyrirtæki starfi í samræmi við lög og reglur sem og stundi eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Allir starfsmenn og stjórnendur fjármálafyrirtækja þurfa að huga að þeirri áhættu sem það felur í sér að fara ekki að lögum, reglum og innri viðmiðunum er gilda um starfsemi fjármálafyrirtækis, t.a.m. viðurlagabeitingu stjórnvalda, fjárhagslegt tjón eða rýrt orðspor sem og áhrif þess á vernd fjárfesta. (e. *compliance risk*). Í því sambandi vill Fjármálaeftirlitið minna á að fjármálafyrirtæki skal hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína, skv. 17. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
5. Innan fjármálafyrirtækis, með heimild til verðbréfiðskipta, skal vera starfrækt regluvörslueining sem hefur það hlutverk að fylgjast með og meta reglulega hæfi og skilvirkni tiltekinna ráðstafana fjármálafyrirtækis. Regluvörslueining fylgist einnig með og metur aðgerðir sem fjármálafyrirtæki grípur til, til að bæta úr misbrestum á því að uppfylla skyldur sínar. Náteingt eftirlitshlutverkinu er hlutverk regluvörslu við að veita starfsmönnum fjármálafyrirtækis, sem ábyrgir eru fyrir framkvæmd verðbréfiðskipta, nauðsynlega fræðslu, ráðgjöf og aðstoð til að þeir geti uppfyllt skyldur fyrirtækisins samkvæmt lögum um verðbréfiðskipti. Þá er það hlutverk regluvörslu að taka við tilkynningum starfsmanna vegna gruns um markaðsmisnotkun og innherjasvik og greina Fjármálaeftirlitinu frá slíkum grunsemdum. Ennfremur er stjórn fjármálafyrirtækis heimilt að fela regluvörslu viðbótar starfsskyldur að því gefnu að slík störf fari saman við verksvið regluvörslu samkvæmt lögum og reglum og svigrúm reynist til vinnslu þeirra.
6. Tilmæli þessi fjalla annars vegar um stöðu regluvörslu fjármálafyrirtækja og hins vegar um verksvið hennar. Um er að ræða leiðbeiningar til nánari skýringar á lágmarkskröfum laga og reglna varðandi stöðu og verksvið regluvörslu innan fjármálafyrirtækja sem og leiðbeiningar frá Fjármálaeftirlitinu um það með hvaða hætti það telur rétt að aðilar fari að þeim. Þó er ekki um tæmandi skýringar að ræða.

¹ International Organization of Securities Commissions (IOSCO): „Compliance function at Market Intermediaries, final report“. Mars 2006.

² Bank for International Settlements, Basel Committee on Banking Supervision: „Compliance and the compliance function in banks“. Apríl 2005.

7. Um stöðu og verksvið regluvörslu fjármálafyrirtækja er fyrst og fremst fjallað í 6. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sem sett er með stoð í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

6. gr.
Regluvarsla.

Fjármálafyrirtæki skal koma á og viðhalda viðeigandi stefnu og ferlum sem gerðir eru til að greina hvers konar hættu á misbrestum hjá fyrirtækinu á því að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti og koma á fót ferlum til þess að lágmarka slíka hættu og gera Fjármálaeftirlitinu kleift að beita valdi sínu á skilvirkan hátt samkvæmt þessari reglugerð.

Ráðstafanir sem fjármálafyrirtæki beitir til að uppfylla framangreindar kröfur um regluvörslu skulu taka mið af eðli og umfangi starfsemi fyrirtækisins.

Fjármálafyrirtæki skal koma á og viðhalda skilvirkri regluvörslu sem er óháð öðrum þáttum í starfsemi fyrirtækisins og hefur eftirfarandi hlutverki að gegna:

- a) að fylgjast með og meta reglulega hæfi og skilvirkni ráðstafana skv. 1. mgr. og aðgerða sem gripið er til, til að bæta úr misbrestum fyrirtækisins við að uppfylla skyldur sínar,
- b) að veita starfsmönnum fjármálafyrirtækis, sem eru ábyrgir fyrir framkvæmd verðbréfavíðskipta, nauðsynlega fræðslu, ráðgjöf og aðstoð til að þeir geti uppfyllt skyldur fyrirtækisins samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti.

Fjármálafyrirtæki skal tryggja að eftirfarandi skilyrði um regluvörslu séu uppfyllt:

- a) þeir aðilar sem fara með regluvörslu verða að hafa nauðsynlegt vald, úrræði og sérfræðiþekkingu og aðgang að öllum upplýsingum sem skipta máli,
- b) tilnefna skal regluvörð sem ber ábyrgð á regluvörslu og allri skýrslugjöf til yfirstjórnar sem krafist er skv. 3. mgr. 5. gr.,
- c) starfsmenn fjármálafyrirtækis sem starfa við regluvörslu skulu ekki taka þátt í að inna af hendi þjónustu eða sinna starfsemi sem þeir hafa eftirlit með,
- d) sú aðferð sem beitt er við ákvörðun þóknunar starfsmanna fjármálafyrirtækis, sem starfa við regluvörslu, skal ekki vera líkleg til að hafa áhrif á hlutlagni þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er fjármálafyrirtæki ekki skylt að uppfylla c- eða d-lið ef það getur sýnt fram á að kröfur þessar séu of þungbærar miðað við umfang og eðli starfsemi fyrirtækisins og að regluvarsla sé að öðru leyti fullnægjandi.

8. Fjármálaeftirlitið vill vekja sérstaka athygli á því að yfirstjórn³ fjármálafyrirtækis ber ábyrgð á að skyldur þess samkvæmt lögum og reglum séu uppfylltar, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Að auki skal yfirstjórn reglulega meta og endurskoða skilvirkni stefnu, fyrirkomulags og verklags, sem komið hefur verið á til að uppfylla skyldur samkvæmt lögum og reglum og gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á hvers konar annmörkum, sbr. 2. mgr. sömu greinar.

9. Efni tilmælanna hefur gildi fyrir fjármálafyrirtæki sem hafa heimild til verðbréfavíðskipta og markast það af starfsleyfi hvers fjármálafyrirtækis að hvaða leyti efni þessara tilmæla hefur gildi fyrir hvert þeirra.

³ Sjá nánar um skilgreiningu á hugtakinu yfirstjórn í kafla 2.5.

2. Staða regluvörslu fjármálafyrirtækis

2.1 Sjálfstæði regluvörslu

10. Fjármálafyrirtæki skal koma á og viðhalda skilvirkri regluvörslu sem er óháð öðrum þáttum í starfsemi fyrirtækisins. Slíkt sjálfstæði er grundvöllur að skilvirkri regluvörslu og skal staða og allt starf regluvörslu mótast af því. Regluvarsla er hluti af skipulagi fjármálafyrirtækis og þáttur í eftirlitskerfi þess. Regluvörslueining skal ekki heyra undir yfirmann annarrar starfseiningar innan fjármálafyrirtækis, og skal hún vera sýnileg, óháð og ótengd öðrum einingum í skipuriti.

11. Í slíku sjálfstæði regluvörslu felst einnig að hún sé fjárhagslega óháð öðrum einingum fjármálafyrirtækis og hafi yfir að ráða nægilegu fjármagni til að geta sinnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt. Þegar til fjárhagsáætlunar kemur ár hvert mælist Fjármálaeftirlitið til þess að regluvörður gefi álit sitt á drögum að þeim þætti hennar er varðar regluvörslu áður en til ákvörðunar kemur. Þá telur Fjármálaeftirlitið eðlilegt að gerð sé sérgreind áætlun fyrir regluvörslueiningu. Ef gert er ráð fyrir meiriháttar samdrætti fyrir rekstur regluvörslueiningarinnar þykir rétt að kynna og rökstyðja hann sérstaklega fyrir regluverði og innri endurskoðun, sem er eftirlitsaðili regluvarðar innan fjármálafyrirtækis. Í næstu skýrslu til stjórnar er eðlilegt að regluvörður greini frá áhrifum slíks samdráttar. Það sama á við ef hann telur að það fjármagn sem ætlað er regluvörslu nægi ekki að mati regluvarðar til reksturs skilvirkrar regluvörslueiningar í samræmi við lög og reglur. Um skýrslu til yfirstjórnar er fjallað nánar í kafla 2.5.

12. Í sjálfstæði regluvörslu felst jafnframt að starfsmenn regluvörslu starfi sjálfstætt innan fjármálafyrirtækis og hafi ekki áhyggjur af stöðu sinni innan fyrirtækis. Starfsmenn regluvörslu ættu til að mynda að geta kynnt niðurstöður sínar viðeigandi aðilum innan fyrirtækis án þess að það hafi neikvæð áhrif á stöðu þeirra.

2.2 Regluvörður og starfsmenn regluvörslu

2.2.1. Ráðning og brotthvarf regluvarðar.

13. Fjármálafyrirtæki tilnefnir einstakling til að gegna starfi regluvarðar. Regluvörður ber ábyrgð á regluvörslu innan fjármálafyrirtækis og mælist Fjármálaeftirlitið til þess að stjórn fyrirtækis staðfesti formlega ráðningu regluvarðar og tilgreini starfskjör hans. Með sama hætti mælist Fjármálaeftirlitið til þess að staðgengill regluvarðar sé ráðinn.

14. Fjármálaeftirlitinu skal tilkynnt skriflega og án tafar um ráðningu regluvarðar og staðgengils hans. Fjármálaeftirlitið lítur svo á að tilkynningin sé á ábyrgð framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis.

15. Láti regluvörður af störfum skal kynna það stjórn fjármálafyrirtækis. Sé regluverði sagt upp störfum skal það tekið fyrir af stjórn til samþykktar eða synjunar, en niðurstaða stjórnar færð til bókar. Regluvörður skal þá fá tækifæri til að greina frá afstöðu sinni til starfsloka, án aðkomu framkvæmdastjóra, áður en til ákvörðunar stjórnar kemur. Innri endurskoðun hefur eftirlit með störfum regluvarða og því skal greina innri endurskoðun skriflega frá því ef regluvörður hættir störfum og ástæðu þess. Þá skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu skriflega og án tafar ef regluvörður

hættir störfum, hvort sem honum er sagt upp eða hann lætur af störfum af sjálfsdáðum. Með slíkri tilkynningu skal fylgja skýring á því að viðkomandi regluvörður hættir störfum. Fjármálaeftirlitið lítur svo á að tilkynningin sé á ábyrgð framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis.

2.2.2. Útgáfa erindisbréfs

16. Við ráðningu regluvarðar beinir Fjármálaeftirlitið þeim tilmælum til stjórnar fjármálafyrirtækis að hún gefi út erindisbréf honum til handa. Hæfilegt er talið að erindisbréf gildi í 12 mánuði og/eða verði endurskoðað og gefið út að nýju í kjölfar yfirferðar stjórnar á skýrslu regluvörslu. Í erindisbréfi verði m.a. gerð grein fyrir eftirfarandi þáttum:

1. Fjallað um stöðu regluvarðar innan fjármálafyrirtækis og sérstaklega greint frá því hvernig sjálfstæði hans er tryggt.
2. Tilgreint sérstaklega um aðgang regluvörslu að öllum upplýsingum.
3. Vísað til verklags um valdheimildir og úrræði regluvarðar sem samþykkt er af framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækisins.
4. Greint frá starfsskyldum regluvörslu innan fjármálafyrirtækis og sérstaklega tilgreint ef stjórn ætlar regluvörslu víðtækari starfsskyldur en samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti og reglum settum á grundvelli þeirra. Starfssvið regluvarðar markast af útlistun stjórnar í erindisbréfi.
5. Lýsa áherslum stjórnar varðandi þá áhættuþætti sem regluvörður hefur greint frá í skýrslu sinni.
6. Áréttu um ábyrgð stjórnar fjármálafyrirtækis á regluvörslu fjármálafyrirtækis.

2.2.3. Sérfræðipækking í regluvörslu

17. Regluvörður ber ábyrgð á starfi regluvörslu og skal hann hafa yfir víðtækri sérfræðipækkingu að ráða á framkvæmd verðbréfavíðskipta og lögum og reglum er gilda um starfsemi fjármálafyrirtækis sem hefur heimild til verðbréfavíðskipta. Þá skal regluvörður búa yfir færni og þekkingu til að sinna þeim verkefnum sem regluvörslu er ætlað að sinna samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti og reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Sömu kröfur eru gerðar til staðgengils regluvarðar.

18. Regluvörður ræður til sín starfsmenn í regluvörslu telji hann þörf á því. Fjármálaeftirlitið mælist til þess að fjöldi starfsmanna regluvörslu samræmist eðli og umfangi starfsemi fyrirtækisins sem og verksviði regluvörslu innan fjármálafyrirtækis. Starfsmenn regluvörslu skulu búa yfir nægilegri færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að gegna starfinu. Fjármálaeftirlitið beinir þeim tilmælum til regluvarða að stuðla að því að starfsmenn búi sameiginlega yfir sem víðtækastri þekkingu, til að mynda þekkingu á lögum og reglum sem um starfsemina gilda sem og sérfræðipækkingu á umgjörð og framkvæmd verðbréfavíðskipta. Einnig að regluverði verði heimilt að óska eftir sérfræðiaðstoð einstakra starfsmanna innan annarra starfseininga fjármálafyrirtækis sem og utanaðkomandi sérfræðinga, telji hann þörf á.

19. Í ljósi þeirrar sérfræðikunnáttu sem nauðsynlegt þykir að regluvörður og starfsmenn regluvörslu búi yfir beinir Fjármálaeftirlitið því til framkvæmdastjóra og regluvarða fjármálafyrirtækja að tryggja, m.a. í fjárhagsáætlun ár hvert, að sérstaklega sé hugað að sí- og endurmenntun og þjálfun þeirra.

2.2.4. Starfsöryggi og þóknun starfsmanna regluvörslu

20. Fjármálaeftirlitið telur starfsöryggi regluvarðar órjúfanlega forsendu fyrir sjálfstæði regluvörslu. Því beinir Fjármálaeftirlitið þeim tilmælum til fjármálafyrirtækja að í ráðningarsamningi regluvarðar sé uppsagnarfrestur það langur að hann veiti nægjanlegt starfsöryggi. Í því sambandi telur Fjármálaeftirlitið heppilegt að litið sé til 9 mánaða hið minnsta.

21. Fjármálaeftirlitið telur eðlilegt að litið sé til fjárhagsstöðu fjármálafyrirtækis í heild þegar þóknun, þ.e. laun regluvarðar og starfsmanna regluvörslu eru ákveðin. Laun þeirra mega ekki vera líkleg til að hafa áhrif á hlutlægni þeirra í starfi og beinir Fjármálaeftirlitið þeim tilmælum til fjármálafyrirtækja að horfa til launa annarra í sambærilegu starfi sem bera sambærilega ábyrgð við ákvörðun fjárhæðar, t.a.m. áhættustýringar og innri endurskoðunar viðkomandi fjármálafyrirtækis. Laun þeirra starfsmanna sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun og regluvörslu skulu skv. 1. mgr. 13. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 700/2011 um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja vera næg til þess að hæfir og reyndir einstaklingar sækist eftir slíkum störfum. Launin skulu jafnframt taka mið af þeirri ábyrgð sem hvílir á slíkum starfsmönnum og vera samkeppnishæf. Þá er á það minnt að skv. sömu reglum er óheimilt er að greiða þeim sem starfa við regluvörslu kaupauka, sbr. 2. mgr. 13. gr. reglnanna.

2.3 Aðgangur regluvörslu að upplýsingum

22. Nauðsynlegt er að þeir aðilar sem fara með regluvörslu innan fjármálafyrirtækis hafi aðgang að öllum þeim upplýsingum sem regluvörður telur þurfa til að geta sinnt starfinu á tilhlýðilegan hátt og er það regluvarðar að leggja mat á hvaða upplýsingar það eru hverju sinni.

23. Starfsmenn og yfirmenn einstakra eininga innan fjármálafyrirtækis geta hvorki hindrað aðgang regluvörslu né neitað henni um aðgang að upplýsingum er heyra undir eftirlit hennar. Fjármálaeftirlitið mælist til þess að regluvarsla afli upplýsinga hjá yfirmanni þeirrar einingar sem við á. Regluvarsla ætti þó einnig að geta leitað til starfsmanna einstakra eininga, án vitneskju yfirmanns þeirra, við öflun upplýsinga er hlutaðeigandi starfsmaður hefur aðgang að. Mikilvægt er að tryggja að regluvarsla geti aflað upplýsinga án aðkomu starfsmanna og/eða yfirmanns einstakra eininga þegar við á, t.d. ef sannreyna þarf upplýsingar.

24. Regluvarsla skal hafa aðgang að öllum gögnum vegna verðbréfiðskipta, þ.m.t. skjölum, samningum, rafrænum gögnum (t.a.m. tölvupóstsamskipti, samskiptasögu spjallforrita), upptökum símtala, rauntímaaðgangi að viðskiptakerfum og öðrum kerfum, sem notuð eru við framkvæmd verðbréfiðskipta. Einnig skal regluvörður hafa aðgang að þeim starfsstöðvum þar sem verðbréfiðskiptum er sinnt innan fjármálafyrirtækis.

25. Fjármálafyrirtæki skal hafa fullnægjandi upplýsinga- og skjalakerfi þar sem haldið er utan um og flokkuð öll gögn er varða verðbréfiðskipti og tengd gögn, t.d. samninga, viðskiptanótur og viðskiptafyrirmæli. Með því skal skilvirkt aðgengi að gögnunum tryggt og þar með aðgengi regluvarðar að þeim svo honum sé kleift að inna starf sitt af hendi.

26. Regluvarsla skal hafa aðgang að fundum þeirra nefnda innan fjármálafyrirtækis er regluvörður telur þurfa vegna starfa regluvörslu og/eða fundargerðum þeirra. Þá skal hann hafa heimild til að óska eftir sérstökum fundi með tiltekinni nefnd ef hann telur það nauðsynlegt til að fá

sem réttasta mynd af þeirri starfsemi er heyrir undir eftirlit hans. Fjármálaeftirlitið beinir því til framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis að boða regluvörð á reglulega samráðsfundi sem haldnir eru með öðrum yfirmönnum starfseininga innan fyrirtækis, (t.d. fundi forstöðumanna, framkvæmdastjóra o.þ.h).

27. Þá skal framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis og/eða yfirmaður starfseiningar hafa frumkvæði að því að láta regluvörslu sérstaklega og tímalega vita búi þeir yfir upplýsingum sem telja verður nauðsynlegt fyrir regluvörslu að fá vitneskju um. Með því er til dæmis átt við aðstæður sem regluvörslu er ekki kunnugt um en geta hugsanlega skapað hagsmunaárekstra.

2.4 Vald og úrræði regluvörslu

28. Fjármálafyrirtæki skal tryggja að regluvarsla hafi nauðsynlegt vald og úrræði til að geta innt störf sín af hendi. Frumskilyrði þess að regluvarsla teljist í raun hafa slíkt vald og geti beitt þeim úrræðum sem í því felst er að sjálfstæði hennar sé tryggt.

29. Fjármálaeftirlitið mælist til þess að innan fjármálafyrirtækis sé skilgreint verklag sem tilgreini valdheimildir og úrræði regluvörslu og þar sé jafnframt greint frá því hvernig framkvæmd á beitingu þess skuli háttáð.

30. Gert er ráð fyrir að verklagið sé mótað af regluverði í samstarfi við framkvæmdastjóra og samþykkt af honum. Öllum yfirmönnum starfseininga skal sérstaklega kynnt verklagið. Fjármálafyrirtæki ber að tryggja að starfsmönnum er starfa við framkvæmd verðbréfiðskipta og heyra undir eftirlit regluvarðar sé kynnt fyrrgreint verklag við upphaf starfstíma svo og allar breytingar sem gerðar eru á því.

31. Fjármálaeftirlitið lítur svo á að eðlilegt sé að í valdheimildum regluvarðar felist m.a. réttur til að krefjast úrbóta innan tiltekinnar starfseiningar telji hann þess þörf og eftir atvikum til þess að gera athugasemdir við starfshætti starfsmanns. Regluvörður beini þá kröfur sinni um úrbætur til yfirmanns starfseiningar. Geri regluvörður athugasemd við starfshætti starfsmanns tilkynnir hann yfirmanni starfseiningar það um leið og athugasemd er kynnt starfsmanni. Það er á ábyrgð þess yfirmanns sem við á að gera þær breytingar sem þörf er á og bregðast við tilmælum regluvarðar.

32. Regluvarsla skal fylgja eftir kröfu um úrbætur og/eða athugasemdum, þannig að tryggt sé að fjármálafyrirtæki uppfylli ávallt skyldur sínar samkvæmt lögum og reglum. Skal yfirmaður starfseiningar gera regluverði grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið og á hvaða hátt brugðist hefur verið við tilmælum regluvarðar, enda er það regluvörslu að fylgjast með og meta þær aðgerðir sem gripið er til, til að bæta úr misbrestum fyrirtækis við að uppfylla skyldur sínar.

33. Regluvörður skal gera framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis strax viðvart ef upp koma að mati regluvarðar alvarleg brot gegn lögum og reglum. Það sama á við ef hann telur hugsanlegt að brot verði framin vegna tiltekins máls. Þá skal regluvörður tilkynna stjórn fjármálafyrirtækis um slíkt, án aðkomu framkvæmdastjóra, telji hann þess brýna þörf. Slíkt erindi skal tekið fyrir á stjórnarfundum og fært til bókar og skal regluvörður hafa rétt til setu á þeim stjórnarfundum. Í framhaldi af slíkrum tilkynningu skal regluvörður gera kröfu um úrbætur og/eða athugasemd í samræmi við framangreint.

34. Regluvörður skal gera Fjármálaeftirlitinu viðvart ef krafa hans um úrbætur og/eða athugasemd hans vegna alvarlegs brots bera ekki tilætlaðan árangur og regluvörður telur að þær aðgerðir sem gripið hefur verið til séu ekki fullnægjandi. Þá skal regluvörður gera Fjármálaeftirlitinu viðvart ef um gróft og/eða ítrekað brot er að ræða.

2.5 Skýrslur regluvörslu til yfirstjórnar

35. Það er á ábyrgð regluvarðar að sinna allri skýrslugjöf til yfirstjórnar vegna málefna er undir starfssvið hans heyrar. Yfirstjórn skal reglulega, og a.m.k. árlega, fá skriflegar skýrslur um málefni regluvörslu, þar sem sérstaklega er tilgreint hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar ef annmarkar hafa reynst vera á starfseminni. Það er yfirstjórnar að meta reglulega og endurskoða skilvirkni stefnu, fyrirkomulags og verklags, sem komið hefur verið á til að uppfylla skyldur samkvæmt lögum og reglum og gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á hvers konar annmörkum.

36. Í 12. tl. 2. gr. reglugerðar nr. 955/2007 er hugtakið yfirstjórn skilgreint sem stjórnarmenn, forstjóri og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis.⁴ Fjármálaeftirlitið mælist þó til þess að stjórn og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis, skv. hugtakanotkun laga um fjármálafyrirtæki⁵, fái reglulega og minnsta kosti árlega⁶ framangreinda skýrslu regluvörslu þar sem fram komi m.a. eftirfarandi atriði:

- a. Umfjöllun um stöðu regluvarðar og regluvörslueiningar innan fjármálafyrirtækis. Gert er ráð fyrir að regluvörður leggi mat á stöðuna út frá gildandi lögum og reglum, sem og tilmælum þessum (sjá kafla 2.1 – 2.4.). Regluvörður greini frá athugasemdum sínum og tillögum til úrbóta. Þá geri hann sérstaklega grein fyrir því hvort hann telji valdheimildir sínar og úrræði, samkvæmt mótuðu verklagi fullnægjandi.
- b. Regluvörður geri grein fyrir þeim verkefnum er regluvarsla hefur innt af hendi frá síðustu skýrslu, sbr. kafla 3., þ.á m. samantekt yfir þá vald- og úrræðabeitingu sem gripið hefur verið til, sbr. kafla 2.4. Sérstaklega skal gerð grein fyrir því hafi ítrekað verið gerðar kröfur um úrbætur innan einstakra eininga fjármálafyrirtækis eða vegna ítrekaðra athugasemda við starf einstaks starfsmanns.
- c. Í ljósi ábyrgðar og hlutverks stjórnar mælist Fjármálaeftirlitið til þess að í skýrslunni sé greint frá þeim áhættuþáttum er regluvörður telur að geti verið fyrir hendi vegna verðbréfavíðskipta innan fjármálafyrirtækis.

⁴ Byggir á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB frá 10. ágúst 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði fjárfestingafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá skipun. Í 9. tl. 2. gr. þeirrar tilskipunar kemur fram skilgreining: „*senior management*’ means the person or persons who effectively direct the business of the investment firm as referred to in Article 9(1) of Directive 2004/39/EC. Hugtakið hefur í þessu sambandi verið þýtt sem *yfirstjórn*, sbr. „yfirstjórn“: einn aðila eða fleiri sem í reynd stjórna viðskiptum fjárfestingafyrirtækisins eins og um getur í 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/39/EB“.

⁵ 6. tl. 1. mgr. 1. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki: „*Framkvæmdastjóri*: Einstaklingur sem stjórn fjármálafyrirtækis ræður til þess að standa fyrir rekstri þess í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga eða laga þessara, burtséð frá starfsheiti að öðru leyti.“

⁶ Fjármálaeftirlitið beinir þeim tilmælum til stærri fjármálafyrirtækja að regluvarsla skili skýrslu til yfirstjórnar a.m.k. tvisvar á ári.

37. Gert er ráð fyrir að regluvörður komi á fund stjórnar, geri grein fyrir skýrslu sinni og svari fyrirspurnum og athugasemdum stjórnarmanna. Þá er gert ráð fyrir að stjórn fjármálafyrirtækis taki afstöðu til athugasemda regluvarðar og færi afstöðu sína til bókar.

38. Fjármálaeftirlitið mælist til þess að regluvörður og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis haldi reglulega fundi, t.a.m. ársfjórðungslega, þar sem aðilar fjalla m.a. um stöðu regluvörslu, um verkefni, úrbætur, athugasemdir og framgang við áætlanir regluvörslu innan fjármálafyrirtækis. Auk annarra álitaefna vegna starfs regluvörslu.

39. Þá mælist Fjármálaeftirlitið til þess að regluvörður skili þeim yfirmönnum starfseininga fjármálafyrirtækisins, sem koma að verðbréfavíðskiptum, skýrslu reglulega og a.m.k. árlega um málefni regluvörslu þeirrar einingar. Í skýrslunni skal sérstaklega tilgreint hvort viðeigandi ráðstafanir, að mati regluvarðar, hafa verið gerðar ef annmarkar eru fyrir hendi.

2.6. Útvistun regluvörslu

40. Lög og reglur er gilda um starfsemi fjármálafyrirtækja, með heimild til verðbréfavíðskipta, takmarka ekki heimildir fjármálafyrirtækja til að útvista starfsemi regluvörslu. Fjármálaeftirlitið telur þó mikilvægt að áréttu að starfsemi regluvörslu sem útvistað er skal ávallt fara að lögum, reglum, innri viðmiðunum fjármálafyrirtækis og þessum tilmælum. Sambærileg sjónarmið teljast eiga við og um framkvæmd á útvistun innri endurskoðunar fjármálafyrirtækis.

41. Fjármálaeftirlitið mælist til þess að regluvörslu sé einungis útvistað í þeim tilvikum sem fjármálafyrirtæki getur ekki komið á og viðhaldið skilvirkri regluvörslu sem tryggt er að sé óháð öðrum þáttum í starfsemi fyrirtækisins. Þá leggur Fjármálaeftirlitið áherslu á að utanaðkomandi einstaklingur, sem regluvörslu er útvistað til, hafi viðhlítandi sérfræðipækkingu á málaflokknum.

42. Í þeim tilvikum þegar fjármálafyrirtæki hefur útvistað réttilega verkefnum er falla undir eftirlit regluvarðar til þriðja aðila fer regluvörður með eftirlit í samræmi við útvistunina, en kveðið skal á um slíkt í samningi aðila.

43. Stjórn fjármálafyrirtækis skal sérstaklega sjá til þess að aðgangur utanaðkomandi regluvarðar að upplýsingum sé tryggður sem og að vald hans og úrræði sé tryggt.

44. Stjórn fjármálafyrirtækis skal gera skriflegan samning við viðkomandi sem jafngildir erindisbréfi regluvarðar innan fjármálafyrirtækis og skal fara með samninginn líkt og erindisbréfið (um erindisbréf er fjallað í kafla 2.2). Í samningi aðila skal eftirfarandi m.a. koma fram til viðbótar við efnisþætti erindisbréfs:

1. Almenn greining á verkefnum á sviði regluvörslu og heimildum regluvarðar.
2. Stjórn, innri endurskoðandi og Fjármálaeftirlitið skulu hafa aðgang að öllum gögnum sem tengjast verkefnum regluvörslu.
3. Áréttu skal ábyrgð stjórnar fjármálafyrirtækis á regluvörslu.
4. Kveða skal á um hvernig aðgangi regluvarðar að upplýsingum skuli háttáð.
5. Ákvæði um tímalengd og uppsögn samnings. Lögð er áhersla á að ekki séu gerðar óraunhæfar kröfur um umfang starfans eða kostnað.
6. Kveða skal á um þagnarskyldu.

45. Fjármálaeftirlitið telur æskilegt að útvistunaraðili hafi aðgang að starfsstöð í húsakynnum fjármálafyrirtækis þar sem aðgangur aðila að upplýsingum er greiður.

46. Um upphaf og lok samningssambands aðila skal fara líkt og við ráðningu og brotthvarf regluvarðar innan fjármálafyrirtækis.

47. Fjármálafyrirtæki skal greina áhrif þess að útvista regluvörslu sinni á heildaráhættustefnu og innra eftirlitskerfi þess, m.a. vegna þeirrar rekstraráhættu sem í útvistuninni felst. Fjármálaeftirlitið mælist til þess að fjármálafyrirtækið hafi viðbúnaðaráætlun um viðbrögð við því ef samningi um útvistun regluvörslu lýkur, bæði varðandi val á nýjum aðila og hvernig regluvörslu verði háttað, þar til samið hefur verið um útvistun að nýju.

48. Útvistun regluvörslu má ekki hafa þau áhrif að innri endurskoðun fjármálafyrirtækis eða Fjármálaeftirlitið telji sig ekki geta sinnt starfi sínu með fullnægjandi hætti.

49. Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að um útvistun verkefna verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða gilda auk framangreinds ákvæði laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og reglugerð nr. 792/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

50. Að öðru leyti vísast til laga og reglna sem og þessarra leiðbeinandi tilmæla varðandi útvistun regluvörslu til utanaðkomandi einstaklings.

3. Verksvið regluvörslu fjármálafyrirtækis

51. Regluvörslueining fjármálafyrirtækis er hluti af innra eftirlitskerfi fyrirtækis. Það er hlutverk regluvörslu að fylgjast með og meta reglulega hæfi og skilvirkni tiltekinna ráðstafana fjármálafyrirtækis og aðgerða sem gripið er til, til að bæta úr misbrestum fjármálafyrirtækis við að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Nátengt eftirlitshlutverkinu er hlutverk regluvörslu við að veita starfsmönnum fjármálafyrirtækis, sem ábyrgir eru fyrir framkvæmd verðbréfavíðskipta, nauðsynlega fræðslu, ráðgjöf og aðstoð til að þeir geti uppfyllt skyldur fyrirtækisins samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Þá er það m.a. hlutverk regluvörslu að taka við tilkynningum starfsmanna vegna gruns um markaðsmisnotkun og innherjasvik og greina Fjármálaeftirlitinu frá slíkum grunsemdum. Ennfremur er stjórn fjármálafyrirtækis heimilt að fela regluvörslu viðbótar starfsskyldur, er útlistaðar skulu í erindisbréfi regluvarðar, að því gefnu að slík störf fari saman við verksvið regluvörslu samkvæmt lögum og reglum og svigrúm reynist til vinnslu þeirra.

Verður nú fjallað um einstaka þætti á verksviði regluvörslu.

3.1 Eftirlit regluvörslu

3.1.1 Stefnur og ferlar fjármálafyrirækis v/verðbréfavíðskipta

52. Fjallað er um skipulag fjármálafyrirtækja sem hafa heimild til verðbréfavíðskipta í lögum um verðbréfavíðskipti en þar kemur fram að samfelld og regluleg starfsemi og þjónusta við víðskiptavini eigi að vera tryggð innan fjármálafyrirtækis og skal það m.a. notast við kerfi og verkferla og hafa yfir að ráða nauðsynlegri þekkingu, en auk þess skal fjármálafyrirtæki hafa örugga verkferla fyrir stjórnun, reikningsskil, innra eftirlit og áhættumat fyrirtækisins. Fjármálafyrirtæki skal setja sér reglur og verkferla sem tryggja að fyrirtækið, stjórn þess, starfsmenn og fastir umboðsmenn fari að lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Ítarlega er fjallað um skipulagskröfur fjármálafyrirtækja í reglugerð nr. 995/2007.

53. Í 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar segir að fjármálafyrirtæki skuli koma á og viðhalda viðeigandi stefnu og ferlum sem gerðir eru til að greina hverskonar hættu á misbrestum hjá fyrirtækinu á því að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti og koma á ferlum til að lágmarka slíka hættu og gera Fjármálaeftirlitinu kleift að beita valdi sínu á skilvirkan hátt. Ráðstafanir sem fjármálafyrirtæki beitir til að uppfylla framangreindar kröfur um regluvörslu skulu taka mið af eðli og umfangi starfsemi fyrirtækis. Fjármálafyrirtæki skal í þessu sambandi horfa til almennra og sérstakra hegðunarreglna II. kafla verðbréfavíðskiptalaganna og reglugerðar settrar á grundvelli þeirra. Hin almenna hegðunarregla kemur fram í 5. gr. vvl. en þar segir að fjármálafyrirtæki skuli starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða víðskiptahætti og venjur í verðbréfavíðskiptum, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni víðskiptavina að leiðarljósi. Hinar sérstöku hegðunarreglur er svo að finna í II. kafla vvl. sem nánar eru útfærðar í reglugerðinni.

54. Það er hlutverk regluvörslu, skv. a. lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar, að fylgjast með og meta reglulega hæfi og skilvirkni slíkra ráðstafanna og aðgerða sem gripið er til, til að bæta úr misbrestum fjármálafyrirtækis við að uppfylla skyldur sínar.

55. Hlutverk regluvörslu felur í sér að kanna reglulega hvort viðeigandi stefna og ferlar séu til staðar hjá fjármálafyrirtæki og að meta hvort inntak þeirra sé í samræmi við viðeigandi lög og reglur sem og að skilvirkni þeirra sé fullnægjandi. Þá skal regluvarsla hafa yfirsýn yfir stefnur og ferla fjármálafyrirtækis sem gerðir eru vegna þessa. Að auki ber regluvörslu að hafa reglulegt eftirlit með því að starfsmenn fari að þeim.

56. Komi brotalöm/misbrestur í ljós er varðar stefnu og/eða feril innan fjármálafyrirtækis skal regluvarsla hafa heimild til að krefja viðkomandi einingu innan fjármálafyrirtækis um úrbætur. Komi í ljós að starfsmaður starfi ekki eftir þeirri stefnu og/eða ferlum sem honum ber skal regluvarsla gera athugasemd við starfshætti hans. Þá skal regluvarsla fylgja slíkri kröfu um úrbætur og athugasemdum eftir, þannig að tryggt sé að fjármálafyrirtæki uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum og reglum, þ.m.t. að gerðar séu breytingar á stefnu og ferlum ef þurfa þykir. Að öðru leyti vísast til kafla 2.4. *Vald og úrræði regluvörslu samanber einnig skilgreint verklag innan fjármálafyrirtækisins.*

Verður nú til viðbótar sérstaklega fjallað um tiltekin atriði tengd eftirliti regluvörslu.⁷

3.1.2 Flokkun viðskiptavina og mat á hæfi viðskiptavinar og tilhlýðileika fjármálaþjónustu

57. Gera skal fjárfestum kleift að eiga verðbréfavíðskipti á jafnréttisgrundvelli með því að leggja þær skyldur á fjármálafyrirtæki að flokka alla viðskiptavinina sína, upplýsa þá um fjármálagerninga, fjárfestingarkosti og þjónustu sem er í boði og veita þeim ráðgjöf og ráðleggingar í samræmi við þekkingu þeirra, reynslu og fjárhagslegt bolmagn. Með því á almennur fjárfestir að hafa aðgang að sömu tækifærum og fagfjárfestir þegar kemur að ráðgjöf og aðgangi að viðskiptakerfum og mörkuðum. Fjármálafyrirtæki skulu hafa markmið ákvæðanna í huga þegar viðeigandi stefnur, ferlar og verklagsreglur eru gerð og skal regluvörður huga að þessum markmiðum við eftirlit sitt.

a. Flokkun viðskiptavina

58. Fjármálafyrirtæki skal flokka viðskiptavinina sína í almenna fjárfesta, fagfjárfesta eða viðurkennda gagnaðila í samræmi við lögbundin skilyrði. Að auki er fjármálafyrirtækjum heimilt að flokka viðskiptavinina sína með mismunandi hætti almennt og vegna mismunandi tegunda viðskipta.

59. Fjármálafyrirtæki skal setja sér verklagsreglur um flokkun viðskiptavina þar sem m.a. eru skilgreind viðmið um hvaða vöru og þjónustu viðskiptavinir mega eiga viðskipti með, miðað við flokkun þeirra og það ferli sem vinna skal eftir vegna þessa til að mynda hvað gera á ef starfsmönnum og/eða regluverði verður kunnugt um að viðskiptavinur uppfylli ekki lengur skilyrði flokkunar fyrirtækisins. Þá ber fjármálafyrirtækjum að halda skrá yfir alla flokkun viðskiptavina sinna.

60. Fjármálaeftirlitið beinir þeim tilmælum til fjármálafyrirtækja að skipa starfsmann/menn, þó ekki starfsmann/menn regluvörslu, sem hefur það hlutverk að meta hæfi viðskiptavina enda getur komið til huglægs mats þegar aðili óskar eftir annarri flokkun en upphafleg flokkun fjármálafyrirtækis segir til um, bæði almennt og vegna einstakra viðskipta.

61. Fjármálaeftirlitið beinir þeim tilmælum til regluvörslu fjármálafyrirtækja að hafa eftirlit með því að innan fjármálafyrirtækja séu til staðar viðeigandi verklagsreglur og ferlar vegna flokkunar viðskiptavina og að starfsmenn fari að þeim við störf sín.

62. Til eftirlits regluvörslu heyrir m.a. eftirlit með því að viðskiptavinir þess séu rétt flokkaðir áður en til viðskipta kemur sem og að þau gögn sem lögð eru til grundvallar flokkun þeirra séu uppfærð eftir því sem við á og gefi sem réttasta mynd. Að auki er það hluti af eftirliti regluvörslu að hafa eftirlit með að tilkynningar til viðskiptavina um flokkun þeirra séu í samræmi við lög og reglur, m.a. vegna upphaflegrar flokkunar, breytinga á flokkun sem og annars er upp kemur vegna flokkunar aðila. Að auki skal regluvarsla hafa eftirlit með því að haldin sé skrá innan fjármálafyrirtækis yfir flokkun allra viðskiptavina, sem uppfærð er ef breytingar verða.

63. Innan fjármálafyrirtækis skulu vera skilgreind úrræði regluvarðar telji hann að flokkun viðskiptavina uppfylli ekki lög og reglur. Þannig skal regluvörður hafa heimild til að krefja viðkomandi starfseiningu um að bætt verði úr flokkun viðskiptavina með breyttri og/eða bættri stefnu og ferlum

⁷ Ítrekað skal að ekki er um tæmandi talningu að ræða. Hafa skal í huga að í kafla 3.1. er einungis um almenna umfjöllun að ræða um einstaka þætti fjárfestaverndar og er það einungis til skýringar, til að greina frá aðkomu regluvörslu fjármálafyrirtækis.

eftir því sem við á. Þá skal regluvörður hafa heimild til að gera athugasemd við starfshætti starfsmanns. Að öðru leyti vísast til kafla 2.4 *Vald og úrræði regluvörslu* samanber einnig skilgreint verklag innan fjármálafyrirtæksins.

b. Mat á hæfi viðskiptavinar og tilhlýðileika fjármálaþjónustu

64. Mat á því hvort tiltekin verðbréfaviðskipti hæfi viðskiptavini og hvort tiltekin þjónusta eða vara sé tilhlýðileg fyrir hann er eitt af grundvallaratriðum fjárfestaverndar þar sem fjármálafyrirtækjum er gert skylt að ganga úr skugga um að viðskiptavinir séu bærir til að eiga tiltekin viðskipti.

Hæfa tiltekin verðbréfaviðskipti viðskiptavini?

65. Þegar fjármálafyrirtæki veitir viðskiptavinum fjárfestingarráðgjöf eða sinnir eignastýringu fyrir viðskiptavin er það skylda fjármálafyrirtækis að afla tiltekinna upplýsinga frá viðskiptavini til að leggja mat á það hvort hann sé hæfur til að eiga umbeðin viðskipti. Þannig skal fjármálafyrirtæki ganga úr skugga um að viðskiptavinur hafi skilning, þekkingu og reynslu til að skilja þá áhættu er fylgir þeim verðbréfum og afurðum sem hann hyggst fjárfesta í. Þá skal fjármálafyrirtæki aðeins ráðleggja viðskiptavinum um þá fjárfestingarkosti og áhættu sem fjárhagsleg staða hans leyfir.

66. Fjármálaeftirlitið beinir þeim tilmælum til fjármálafyrirtækja að regluvarsla hafi eftirlit með því að mat á hæfi sé lagt fyrir viðskiptavin. Fullnægjandi upplýsinga um fjárhagsstöðu, markmið, skilning, þekkingu og reynslu hans skal aflað þegar hæfi hans er metið og skal regluvarsla hafa eftirlit með því að viðmið fjármálafyrirtækis séu í samræmi við lög og reglur. Þá er því beint til fjármálafyrirtækja að regluvarsla hafi eftirlit með því að mat á hæfi viðskiptavina sé reglulega endurskoðað og uppfært þannig að það gefi sem réttasta mynd af þekkingu, reynslu og fjárhagslegri stöðu viðskiptavinar. Eftirlit regluvörslu skal að auki lúta að því hvort viðskipti sem framkvæmd eru fyrir hönd viðskiptavinar séu í samræmi við mat fjármálafyrirtækis á hæfi hans.

67. Innan fjármálafyrirtækis skulu vera skilgreind úrræði er regluvörður getur gripið til telji hann að mat á hæfi viðskiptavina uppfylli ekki gildandi lög og reglur. Þannig skal regluvörður m.a. hafa heimild til að krefjast þess að mat á hæfi viðskiptavina verði uppfært, endurnýjað eða endurgert með breyttum og/eða bættum verklagsreglum og verkferlum, eftir því sem við á. Skal regluvörður jafnframt hafa heimild til að gera athugasemd við starfshætti starfsmanns. Að öðru leyti vísast til kafla 2.4 *Vald og úrræði regluvörslu* samanber einnig skilgreint verklag innan fjármálafyrirtæksins.

Er tiltekin þjónusta eða vara tilhlýðileg fyrir viðskiptamann?

68. Þegar fjármálafyrirtæki veitir viðskiptavinum sínum aðra þjónustu á sviði verðbréfaviðskipta en fjárfestingarráðgjöf eða eignastýringu ber að afla upplýsinga um þekkingu og reynslu viðskiptavinar og hugsanlegs viðskiptavinar og skilning hans, til að geta metið hvort umbeðin fjárfesting, þjónusta eða vara sé tilhlýðileg fyrir hann.

69. Fjármálaeftirlitið beinir þeim tilmælum til fjármálafyrirtækja að regluvarsla hafi eftirlit með því að mat á tilhlýðileika viðskipta sé lagt fyrir viðskiptavin. Þá skal fullnægjandi upplýsinga um þekkingu og reynslu hans aflað þegar tilhlýðileiki viðskipta hans er metinn og skal regluvarsla hafa eftirlit með því að viðmið fjármálafyrirtækis séu í samræmi við lög og reglur. Þá er því beint til fjármálafyrirtækja að regluvarsla hafi eftirlit með því að mat á tilhlýðileika viðskipta sé reglulega endurskoðað og uppfært þannig að það gefi sem réttasta mynd af þekkingu og reynslu. Eftirlit

regluvörslu skal að auki lúta að því hvort viðskipti sem framkvæmd eru fyrir hönd viðskiptavinar séu í samræmi við mat fjármálafyrirtækis á tilhlýðileika viðskipta hans.

70. Innan fjármálafyrirtækis skulu vera skilgreind úrræði er regluvörður getur gripið til telji hann að mat á tilhlýðileika viðskipta viðskiptavina uppfylli ekki gildandi lög og reglur. Þannig skal regluvörður m.a. hafa heimild til að krefjast þess að mat á tilhlýðileika viðskipta verði uppfært, endurnýjað eða endurgert með breyttum og/eða bættum verklagsreglum og verkferlum, eftir því sem við á. Skal regluvörður jafnframt hafa heimild til að gera athugasemd við starfshætti starfsmanns. Að öðru leyti vísast til kafla 2.4. *Vald og úrræði regluvörslu* samanber einnig skilgreint verklag innan fjármálafyrirtækisins.

3.1.3 Upplýsingar til viðskiptavina

71. Ítarlegar reglur gilda um hvaða upplýsingar fjármálafyrirtæki ber að kynna viðskiptavinum sínum og hvernig þeim er heimilt að markaðssetja þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta. Upplýsingar sem ætlaðar eru viðskiptavinum, þ.m.t. markaðsefni, skulu vera þannig úr garði gerðar að upplýsingarnar séu skýrar og sanngjarnar og þær mega ekki vera villandi. Upplýsingar skulu vera með þeim hætti að viðskiptavinir geti tekið upplýsta fjárfestingarákvörðun.

72. Fjármálafyrirtæki ber þannig að tryggja að þeir starfsmenn, er koma að gerð og framsetningu upplýsinga, þ.m.t. markaðsefnis, samninga og yfirlita yfir fjármálagerninga og áhættu, sem ætlaðar eru viðskiptavinum hafi næga þekkingu á viðkomandi sviði til að tryggt sé að upplýsingar fari að stefnu fyrirtækisins um upplýsingar til viðskiptavina sem skal vera í samræmi við ákvæði laga og reglna. Þá skal vinnsla þessa vera í samræmi við skilgreinda ferla fyrirtækis.

73. Fjármálaeftirlitið beinir þeim tilmælum til fjármálafyrirtækja að regluvarsla hafi reglubundið eftirlit með því að upplýsingar sem ætlaðar eru viðskiptavinum, þ.m.t. markaðsefni, samningar og yfirlit yfir fjármálagerninga og áhættu, séu í samræmi við skilgreinda stefnu fjármálafyrirtækis. Í því sambandi er mikilvægt að regluverðir hafi gott aðgengi að rauntímaupplýsingum vegna þessa innan fjármálafyrirtækis, þ.m.t. séu þeir upplýstir um fyrirætlanir vegna þessa, breytingar sem verða og hafi því t.d. aðgengi að fundum innan fjármálafyrirtækis vegna þessa, samanber og umfjöllun í kafla 2.3. Þá skal regluvarsla hafa eftirlit með því að unnið sé í samræmi við skilgreinda ferla fyrirtækis.

74. Innan fjármálafyrirtækis skulu vera skilgreind úrræði er regluvörður getur gripið til telji hann að ætlaðar upplýsingar til viðskiptavina uppfylli ekki stefnu fyrirtækis. Regluverði skal til að mynda vera heimilt að koma í veg fyrir eða stöðva birtingu tiltekinnar upplýsinga til viðskiptavina. Þá skal regluvörður hafa heimild til að gera athugasemd við starfshætti starfsmanns. Að öðru leyti vísast til kafla 2.4. *Vald og úrræði regluvörslu* samanber einnig skilgreint verklag innan fjármálafyrirtækisins.

3.1.4 Framkvæmd fyrirmæla og besta framkvæmd viðskipta

Framkvæmd fyrirmæla

75. Fjármálafyrirtæki ber að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina á skjótan og sanngjarnan hátt og í ákveðinni og rétttri röð. Fyrirmæli skulu tafalaust og nákvæmlega skráð og skal þeim beint í réttan farveg. Fjármálafyrirtæki skal því hafa skilgreinda stefnu og ferla til að tryggja að þeir starfsmenn er taka við fyrirmælum viðskiptavina framkvæmi þau ávallt í samræmi við lög og reglugerðir.

76. Fjármálaeftirlitið beinir þeim tilmælum til fjármálafyrirtækja að regluvarsla hafi eftirlit með því að til staðar séu viðeigandi stefna og ferlar innan fjármálafyrirtækis og að þeir séu í samræmi við lög og reglur. Þá skal regluvarsla hafa eftirlit með því að skilvirkni þeirra sé fullnægjandi. Enn fremur skal regluvarsla hafa eftirlit með því að starfsmenn framkvæmi fyrirmæli í samræmi við framangreint.

Besta framkvæmd viðskipta

77. Fjármálafyrirtæki ber að ná fram bestu framkvæmd viðskipta fyrir viðskiptavinum sína miðað við markmið og væntingar sem viðkomandi hefur til fjárfestingar og ber að hafa skilgreint ferli og verklagsreglur til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum með tilliti til margra tilgreindra samverkandi þátta. Fjármálafyrirtæki er gert að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fullnægja skyldum sínum, þ.m.t. hafa aðgang að kerfum sem gerir þeim kleift að ná bestu framkvæmd fyrir viðskiptavinum sína, miðað við þá þjónustu er viðkomandi fjármálafyrirtæki býður viðskiptavinum sínum. Fjármálafyrirtæki ber að setja sér verklagsreglur um bestu framkvæmd og ber að yfirfara og endurskoða verklagsreglurnar í það minnsta árlega.

78. Fjármálaeftirlitið beinir þeim tilmælum til fjármálafyrirtækja að regluvarsla hafi eftirlit með því að innan fjármálafyrirtækis sé til staðar verklagsreglur svo ávallt sé leitast við að ná bestu framkvæmd viðskipta fyrir viðskiptavinum, að hún sé í samræmi við lög og reglur og skilvirkni hennar sé fullnægjandi. Þá mælist Fjármálaeftirlitið til að regluvarsla hafi eftirlit með því að viðskiptavinum sé ávallt kynnt stefna fjármálafyrirtækis um bestu framkvæmd og að þeir samþykki hana áður en til viðskipta kemur. Fjármálaeftirlitið beinir þeim tilmælum til fjármálafyrirtækja að regluvarsla hafi einnig eftirlit með því að stefna um bestu framkvæmd sé endurskoðuð og uppfærð þannig að hún gefi ávallt sem réttasta mynd af því hvernig fjármálafyrirtæki hyggst ná fram bestu framkvæmd fyrir viðskiptavinum sína.

79. Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að regluvörður hafi yfirsýn yfir þá framkvæmd fjármálafyrirtækisins er snýr að bestu framkvæmd viðskipta. Í því sambandi mælist Fjármálaeftirlitið til þess að regluvarsla taki þátt í að skilgreina og útfæra þær ráðstafnir sem fjármálafyrirtæki ætlar að gera til að ná fram bestu framkvæmd viðskipta er snýr að þeim þætti.

80. Innan fjármálafyrirtækis skulu vera skilgreind úrræði regluverði til handa varðandi framkvæmd fyrirmæla og bestu framkvæmd viðskipta. Regluvörður skal hafa skilgreind úrræði ef upp kemur brotalóm vegna þessa og skal hann gera kröfu um úrbætur þegar við á. Þá skal regluvörður hafa heimild til að gera athugasemd við starfsmann, ef við á. Að öðru leyti vísast til kafla 2.4 *Vald og úrræði regluvörslu* samanber einnig skilgreint verklag innan fjármálafyrirtækisins.

3.1.5 Hagsmunaárekstrar

81. Fjármálafyrirtæki skal gera allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmunum viðskiptavina þess. Það skal greina hagsmunaárekstra milli viðskiptavina og einnig milli fjármálafyrirtækis sjálfs, t.a.m. starfsmanna, og viðskiptavina.⁸ Þá skal fjármálafyrirtæki setja og viðhalda skilvirkri skriflegri stefnu gegn hagsmunaárekstrum og halda úti skrá yfir þá starfsemi þar sem skapast hefur hætta á slíkum árekstrum.

⁸ Til áréttingar skal þess getið að í því felst að skilgreina þarf hagsmunaárekstra fjármálafyrirtækisins innbyrðis, þ.e. milli starfseininga innan fjármálafyrirtækis þegar við á.

82. Eftirlit regluvörslu snýr að því að innan fjármálafyrirtækis sé til staðar stefna gegn hagsmunaárekstrum þar sem skilgreindir eru þeir hagsmunaárekstrar sem fjármálafyrirtæki telur geta komið upp í starfsemi sinni, sem og útlistaðar þær ráðstafanir sem fjármálafyrirtæki hyggst grípa til, til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Þá skal regluvarsla hafa eftirlit með því að innra skipulag, reglur, verkferlar og hliðstæðir þættir innan fjármálafyrirtækis séu til staðar og í samræmi við stefnu fyrirtækisins. Hið sama á við um skrá fjármálafyrirtækis yfir starfsemi þar sem skapast hefur hætta á hagsmunaárekstrum.

83. Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að regluvörður hafi yfirsýn yfir þá hagsmunaárekstra sem upp geta komið í starfsemi fjármálafyrirtækis, þ.m.t. milli starfseininga, og skaðað getur hagsmuni viðskiptavina. Í því sambandi mælist Fjármálaeftirlitið til þess að regluvarsla aðstoði og/eða veiti ráðgjöf við að skilgreina hagsmunaárekstra er lúta að þeim þáttum.

84. Regluvarsla skal hafa eftirlit með því að farið sé að fyrrgreindri stefnu og að brugðist sé við ef upp koma, eða hugsanlegt sé að upp komi, hagsmunaárekstrar sem ekki hafa verið skilgreindir fyrirfram. Í því sambandi er mikilvægt að regluverðir hafi gott aðgengi að rauntímaupplýsingum vegna þessa innan fjármálafyrirtækis, þ.m.t. aðgengi að fundum, sbr. samanber umfjöllun í kafla 2.3. Þá skal framkvæmdastjóri eða yfirmenn einstakra eininga fjármálafyrirtækis tilkynna regluverði sérstaklega og tímalega vakni grunur um hagsmunaárekstra eða hugsanlega hagsmunaárekstra sem ekki hafa verið skilgreindir fyrirfram.

85. Ef upp koma aðstæður eða atvik er regluvörður telur að valdið geti hagsmunaárekstum sem skaðað geta hagsmuni viðskiptavina og/eða til að koma í veg fyrir tiltekna aðstæður eða atvik koma upp skal hann hafa skilgreind úrræði sem hann getur beitt til að bregðast við atvikum eða aðstæðum. Þannig skal regluvörður m.a. hafa vald til að grípa inn í einstök viðskipti. Regluvörður skal jafnframt hafa skilgreind úrræði til að grípa til hafi viðskipti verið framkvæmd.

86. Fjármálaeftirlitið beinir þeim tilmælum til regluvörslu fjármálafyrirtækja að hafa eftirlit með því að stefna fyrirtækisins gegn hagsmunaárekstrum sé endurskoðuð og uppfærð reglulega þannig að hún gefi ávallt sem réttasta mynd af þeim tilvikum sem fjármálafyrirtæki telur að geti skapað hagsmunaárekstra. Sérstaklega mikilvægt er að endurskoða og uppfæra stefnuna ef brotalöm hefur komið upp, eftir að krafa hefur verið gerð um úrbætur við viðeigandi starfseiningu. Þá skal regluvörður hafa heimild til að gera athugasemd við starfshætti starfsmanns ef við á. Að auki skal regluvarsla hafa eftirlit með að skrá yfir þá starfsemi þar sem skapast hefur hætta á hagsmunaárekstum sé uppfærð reglulega. Að öðru leyti vísast til kafla 2.4. *Vald og úrræði regluvörslu* samanber einnig skilgreint verklag innan fjármálafyrirtækisins.

3.1.6 Eigin viðskipti starfsmanna fjármálafyrirtækis

87. Hjá fjármálafyrirtæki skal vera til staðar fyrirkomulag sem tryggir að eigin viðskipti starfsmanna þess séu í samræmi við lög og reglur sem um slík viðskipti gilda. Þannig ber fjármálafyrirtæki að gæta þess að þeir starfsmenn sem koma að starfsemi sem valdið getur hagsmunaárekstrum eða hafa aðgang að innherjaupplýsingum í skilningi laga um verðbréfavíðskipti eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem tengjast viðskiptavinum eða viðskiptum við eða fyrir viðskiptavinum, stofni ekki til viðskipta sem valdið gætu hagsmunaárekstrum eða nýti fyrrgreindar upplýsingar í bága við lög og reglur.

88. Fjármálaeftirlitið beinir þeim tilmælum til regluvörslu fjármálafyrirtækja að hafa eftirlit með, að innan fjármálafyrirtækis sé fyrirkomulag sem tryggir að eigin viðskipti starfsmanna fari fram með lögmætum hætti, til að mynda með gerð stefnu um eigin viðskipti starfsmanna og ferils vegna þeirra viðskipta. Eftirlit regluvörslu snýr að auki að því að starfsmenn fari að því fyrirkomulagi. Regluvörður skal hafa skilgreind úrræði ef upp kemur brotalöm vegna þessa og skal hann gera kröfu um úrbætur þegar við á. Þá skal regluvörður hafa heimild til að gera athugasemd við viðeigandi starfsmann. Að öðru leyti vísast til kafla 2.4 *Vald og úrræði regluvörslu* samanber og skilgreint verklag innan fjármálafyrirtæksins.

89. Þá beinir Fjármálaeftirlitið þeim tilmælum til fjármálafyrirtækja að öll eigin viðskipti starfsmanna, framkvæmd af því fjármálafyrirtæki sem og af öðrum, séu tilkynnt til regluvörslu áður en til viðskipta er stofnað og að regluvarsla haldi skrá yfir öll viðskipti starfsmanna.

3.1.7 *Afurðir*

90. Þegar fjármálafyrirtæki hyggst bjóða viðskiptavinum sínum nýja vöru, þjónustu á sviði verðbréfiðskipta og/eða býður viðskiptavinum sínum aðgang að nýjum markaði eða viðskiptakerfi ber fjármálafyrirtæki að tryggja að nýjung sú sem boðið er upp á hæfi viðkomandi viðskiptavinum, sé tilhlýðileg fyrir þá viðskiptavini er hún er ætluð, sé í samræmi við bestu framkvæmd fjármálafyrirtækis og stefnu þess gegn hagsmunaárekstrum.

91. Þannig ber fjármálafyrirtæki að tryggja að þeir starfsmenn, er koma að undirbúningi, gerð og framsetningu nýrra afurða sem ætlaðar eru viðskiptavinum, hafi næga þekkingu á viðkomandi sviði til að tryggt sé að upplýsingar uppfylli ákvæði laga og reglna. Fjármálaeftirlitið mælist til þess að regluvarsla sé *ráðgefandi* við upphaf ferlis þegar ný afurð er þróuð og hafi eftirlit með því að nýjar afurðir sem ætlaðar eru viðskiptavinum séu í samræmi við lög og reglur. Af þeirri ástæðu er mikilvægt að regluverðir hafi gott aðgengi að rauntímaupplýsingum vegna þessa innan fjármálafyrirtækisins, þ.m.t. aðgengi að fundum samanber umfjöllun í kafla 2.3.

92. Innan fjármálafyrirtækis skulu vera skilgreind úrræði er regluvörður getur gripið til telji hann að nýjar afurðir, sem ætlaðar eru viðskiptavinum, uppfylli ekki gildandi lög og reglur. Regluverði skal til að mynda vera heimilt að koma í veg fyrir eða stöðva framboð tiltekinna afurða. Þá skal regluvörður hafa heimild til að gera athugasemd við starfshætti starfsmanns. Að öðru leyti vísast til kafla 2.4. *Vald og úrræði regluvörslu* samanber einnig skilgreint verklag innan fjármálafyrirtæksins.

3.1.8 *Meðferð kvartana*

93. Í fjármálafyrirtækjum skal starfrækja gagnsætt verklag sem tryggir að meðferð og úrlausn kvartana sem tengjast verðbréfiðskiptum, frá almennum fjárfestum eða hugsanlegum almennum fjárfestum, sé hröð og sanngjörn. Þá ber fjármálafyrirtækjum að halda skrá yfir allar kvartanir sem berast, svo og úrlausn þeirra.

94. Fjármálaeftirlitið beinir þeim tilmælum til regluvörslu fjármálafyrirtækja að hafa eftirlit með því að meðferð kvartana innan fjármálafyrirtækis sé í samræmi við ákvæði laga og reglna. Í framhaldi af meðferð kvörtunar skal, ef þurfa þykir, taka til endurskoðunar þá stefnu og/eða ferla sem varða efni kvörtunar. Skal regluvarsla gera kröfu um úrbætur og/eða athugasemd ef við á. Það er í höndum regluvörslu að fylgjast með og meta þær aðgerðir sem gripið er til, til að bæta úr misbrestum

fyrirtækisins við að uppfylla skyldur sínar. Að öðru leyti vísast til kafla 2.4. *Vald og úrræði regluvörslu* samanber einnig skilgreint verklag innan fjármálafyrirtækisins.

3.1.9 Opinber fjárfestingarráðgjöf

95. Veiti fjármálafyrirtæki opinbera fjárfestingarráðgjöf ber að tryggja að upplýsingar séu settar fram í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um opinbera fjárfestingarráðgjöf nr. 1013 frá 2. nóvember 2007. Um eftirlit regluvarðar með opinberri fjárfestingarráðgjöf vísast til 10. gr. reglnanna.

3.2 Fræðsla, ráðgjöf og aðstoð regluvörslu

96. Fjármálafyrirtæki skulu tryggja samfellda og reglulega starfsemi og þjónustu við viðskiptavinum sína m.a. með nauðsynlegri þekkingu innan fyrirtækisins. Það er m.a. hlutverk regluvörslu að sjá til þess að starfsmönnum fjármálafyrirtækis, sem eru ábyrgir fyrir framkvæmd verðbréfiðskipta, sé veitt nauðsynleg fræðsla, aðstoð og ráðgjöf til að þeir geti uppfyllt skyldur fyrirtækisins samkvæmt lögum um verðbréfiðskipti.

97. Þá skal starfsmönnum er starfa við framkvæmd verðbréfiðskipta sérstaklega kynnt starfsemi regluvörslu, valdheimildir og úrræði hennar sem og heimild regluvörslu um aðgang að upplýsingum innan fjármálafyrirtækis. Ennfremur skal heimild starfsmanna til að leita til regluvörslu eftir aðstoð og/eða ráðgjöf skýrð, en útfærsla þess hvernig aðstoð regluvörslu og ráðgjöf er háttáð skal skilgreind af regluvörslu.

98. Starfsmönnum skal veitt fræðsla um markaðsmisnotkun og milligöngu fjármálafyrirtækis skv. 117. gr. vfl. og um innherjasvik og milligöngu fjármálafyrirtækis skv. 123-124. gr. vfl. Þá skal gera starfsmönnum sérstaklega grein fyrir þeirri tilkynningarskyldu sem á þeim hvílir ef grunsemdir kvikna um hugsanlegt misferli, sem og hlutverk næsta yfirmanns og regluvarðar samkvæmt því.

99. Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að fræðsla starfsmanns hefjist við upphaf starfs og eigi sér síðan stað reglulega yfir starfstímann. Fjármálaeftirlitið mælist til þess að fyrir hendi sé áætlun um hvernig fræðsla starfsmanna skuli háttáð. Regluvarður og yfirmenn viðeigandi eininga innan fjármálafyrirtækis skulu í sameiningu leggja mat á fræðsluþörf starfsmanna innan hverrar einingar. Endurmeta skal reglulega þörf á þjálfun starfsfólks og uppfærslu fræðslu- og kynningarefnis.

3.3 Markaðssvik

100. Í lögum um verðbréfiðskipti kemur fram að vakni grunur hjá starfsmanni fjármálafyrirtækis um markaðsmisnotkun skv. 117. gr. vfl. og/eða innherjasvik skv. 123. gr. vfl. skuli hann þegar í stað tilkynna það til næsta yfirmanns eða regluvarðar, skv. 3. mgr. 117. gr. og. 2. mgr. 124. gr. vfl. Viðkomandi fyrirtæki er skylt að tilkynna slíkan grun þegar í stað til Fjármálaeftirlitsins en starfsmanni er það einnig heimilt.

101. Fjármálaeftirlitið mælist til þess að þegar starfsmaður tilkynnir næsta yfirmanni um grunsemdir af þessu tagi geri sá aðili regluvörslu grein fyrir tilkynningunni, en fyrirtækinu (þ.e. regluverði, næsta yfirmanni eða starfsmanni), ber að tilkynna slíkan grun þegar í stað til Fjármálaeftirlitsins.

102. Fjármálaeftirlitið beinir þeim tilmælum til fjármálafyrirtækja að mótuð sé sérstök stefna innan fjármálafyrirtækis vegna viðbragða starfsmanna vakni grunur um markaðsmisnotkun og/eða innherjasvik og að útbúinn sé ferill innan fjármálafyrirtækis vegna slíks, til að mynda hvernig starfsmanni ber að bregðast við og hvernig upplýsingum um að Fjármálaeftirlitinu hafi verið tilkynnt um umræddan grun eru meðhöndlaðar. Þá leggur Fjármálaeftirlitið til að regluvörður ítreki mikilvægi trúnaðar við þá er upplýsingar hafa um grun starfsmanns.

103. Regluvarsla skal kanna hvort stefna og ferlar séu til staðar hjá fjármálafyrirtæki vegna þessa og að inntak þeirra sé í samræmi við lög og reglur sem og að skilvirkni þeirra sé fullnægjandi. Að auki ber regluvörslu að hafa reglulegt eftirlit með því að starfsmenn vinni í samræmi við stefnu og ferla en komi í ljós að starfsmaður starfi ekki eftir þeim skal regluvarsla gera athugasemd við starfshætti hans. Þá skal regluvarsla fylgja slíkri kröfu um úrbætur og athugasemdum eftir, þannig að tryggt sé að fjármálafyrirtæki uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum og reglum, þ.m.t. að gerðar séu breytingar ef þurfa þykir. Að öðru leyti vísast til kafla 2.4 *Vald og úrræði regluvörslu* samanber einnig skilgreint verklag innan fjármálafyrirtækisins.

3.4 Viðbótar starfsskyldur regluvörslu

104. Fjármálafyrirtæki skal tryggja að starfsmenn þess sem starfa við regluvörslu taki ekki þátt í að inna af hendi þjónustu eða sinna starfsemi sem þeir hafa eftirlit með. Fjármálafyrirtæki er þó í undantekningartilvikum ekki skylt að tryggja það ef það getur sýnt fram á að kröfur þess séu of þungbærar miðað við umfang og eðli starfsemi fyrirtækisins og að regluvarsla sé að öðru leyti fullnægjandi.

105. Fjármálaeftirlitið mælist til þess að ef stjórn felur regluvörslu að inna af hendi þjónustu eða sinna starfsemi sem regluvarsla hefur ekki eftirlit með sé slíkt tilgreint í erindisbréfi regluvarðar. Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að slíkar viðbótar starfsskyldur samræmis hlutverki regluvörslu samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti og reglugerðum settum á grundvelli þeirra og að svigrúm reynist til þess í störfum regluvörslunnar.

106. Í þessu sambandi vill Fjármálaeftirlitið benda á að regluvörður getur verið tilnefndur sem ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka þar sem hann tilheyrir hópi stjórnenda fjármálafyrirtækisins, skv. lögum nr. 64/2006, sbr. leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2011.

Reykjavík, 12. desember 2011

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Gunnar Þ. Andersen

Ragnar Hafliðason